Ólafur Gíslason & co hf / Eldvarnamiðstöðin Sundaborg 7 104 Reykjavík Sími:568-4800 Fax:568-5056
Veffang: http//www.olafurgislason.is Netfang: ogeld@islandia.is

Leiðbeiningar fyrir sílogandi neyðarljós.

Vinsamlegast lesið þessar leiðbeiningar vandlega svo tryggt sé að ljósið virki.

Uppsetning

Uppsetning ljóssins skal framkvæmd af rafvirkja.

1. Fjarlægið glæra lokið
2. Tengið straumsnúru (sjá mynd) (blár í N * brúnn í L * gul/grænn í jörð)
3. Tengið rafhlöður.
4. Setjið lokið á aftur.

Viðvörun

Áríðandi er að fara eftir þessum leiðbeiningum til að komast hjá skemmdum.

Virkni

Ljósið er sílogandi og fær orku frá varastraumgjafa sem kveikt er á ef þörf krefur. Rafhlöður eru sífellt í hleðslu. Ljósið logar því þótt rafmagnstruflun verði.

Athuga skal að rautt gaumljós logi ávallt. Það hverfur ef rafmagn fer af eða ljósið hleður ekki rafhlöður.

Rafhlöður

Endurhlaðanlegar rafhlöður.

Orka

AC 220/230V, 40/60Hz.

Umhverfi

Ekki heppilegt að setja ljósið í rými þar sem hiti fer yfir 30° eða raki yfir 50%.

Prófun

Þegar ljósið hefur verið í gangi í sólarhring skal prófa það.
Athugið gaumljósið til að ganga úr skugga um að rafhlöður séu í hleðslu.
Takið rafmagnið af í smástund til að athuga virknina. Að lokinni hverri prófun skal ganga úr skugga um að gaumljósið logi.

a. Dagleg prófun.
   Fylgjast með að gaumljós logi.
b. Mánaðarleg prófun
   Taka rafmagn af í 30 sek. til að athuga hvort ljósið virki.
c. Á sex mánaða fresti.
   Láta ljósið loga í klukkustund.
d. Á þriggja ára fresti.
   Láta ljósið loga þar til rafhlöður tæmast.

Bilanaleit

l. **Gaumljós logar ekki.**
   a. Rafmagnsleysi eða rafmagni hefur verið slegið út. Setja það á aftur.
   b. Athugið snúrur og tengingar í tengiboxi.
2. **Ljós logar óeðlilega stutt.**
   a. Tæmið rafhlöðurnar og endurhlaðið í 24 tíma. Ef tíminn lengist skal
      endurtaka þetta.
   b. Rafhlöðupakkinn þarfnast endurnýjunar.
   c. Notkun utan hitasviðs.
3. **Ekki fullt ljós.**
   a. Skiptið um peru.
4. **Ekkert ljós.**
   a. Athugið tengingar.
   c. Athugið perur.